

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 1999

14. september 1999

1785

Nr. 604

REGLUGERÐ

um tegundir sem undanþegnar eru viðskiptum á Kvótaþingi.

1. gr.

Heimilt er að flytja aflamark í Norðurishafsporski, hörpudiski og innfjarðarækju milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Kvótaþings með stoð í 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1998 um Kvótaþing til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 478, 30. júlí 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. september 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

20. september 1999

Nr. 605

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Áslands í Hafnarfirði.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 31. ágúst 1999 var samþykkt, að fengnu umboði bæjarstjórnar, tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Áslands, 1. áfanga, sem samþykkt var í bæjarstjórn 26. janúar 1999. Breytingin felst í breytingu á byggingarreit á lóðinni nr. 3 við Blikaás og færslu stígs. Tillagan var auglýst skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. september 1999.

F. h. bæjarstjóra Hafnarfjarðar,

Halldór Árnason.